



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Ákvörðun nr. 5/2008

#### **Erindi Íslandspósts hf. um fækkun dreifingardaga á landpóstaleið sem ekin er frá Króksfjarðarnesi**

#### **I**

#### **Erindið**

Með bréfi, dags. 28. september 2007, óskaði Íslandspóstur hf. eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að stofnunin gæfi leyfi fyrir því að dreifingardögum yrði fækkað úr fimm í þrjá til átta bæja í landpóstaleið sem ekin væri frá Króksfjarðarnesi. Nánar tiltekið bær sem væru fyrir norðan Bjarkarlund.

Röksemdir Íslandspósts voru m.a. eftirfarandi:

#### *Kostnaðarsöm dreifileið.*

Í erindi Íslandspósts kemur fram að meðaldreifingarkostnaður á öll heimili í sveitum landsins sé um 50.000 kr. á ári. Kostnaður við að dreifa pósti á þá bæi sem umsóknin tekur til sé hins vegar fjórfalt hærri. Ef farið verður í þriggja daga þjónustu mun kostnaður eftir sem áður verða rúmlega 2 sinnum meðaltalið.

#### *Fáir íbúar og fólksfækkun*

Samkvæmt Hagstofunni hafi íbúum Reykhólahrepps fækkað um 22% á árunum 1997 – 2006. Einungis átta heimili séu á þessari leið og íbúum hafi fækkað.

#### *Fækkun bréfa og aukin rafræn þjónusta*

Almennum bréfum hafi fækkað og tæknivæðing á síðustu árum (tölvupóstur, netbankar) sem og bætтар samgöngur hafi leitt til þess að mikilvægi bréfsins sem samskiptamáta hafi minnkað mikið á undanförunum árum. Þá bendir Íslandspóstur á að almenn bréf séu í fæstum tilfellum viðkvæm fyrir tíma.

#### *Umhverfisvernd*

Íslandspóstur sé umhverfisvænt fyrirtæki og viðurkenni mikilvægi þess að draga úr hvers konar mengun telur fyrirtækið það skyldu sína að fylgja því verkefni. Á síðasta ári hafi 87

landpóstar á vegum Íslandspósts ekið yfir 3,5 milljón kílómetra eða að meðaltali 13.570 km hvern virkan dag.

### *Krafa um hagkvæmni*

Þá telur Íslandspóstur að fyrirtækið eigi erfitt með að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu ef fyrirtækinu verður gert að halda áfram að bjóða upp á fimm daga þjónustu til staða þar sem í senn er fámenni, dreifð byggð, landfræðilegir erfiðleikar og hár kostnaður. Kostnaður við að þjónusta heimili í sveitum megi ekki verða óeðlilega hár enda muni það einungis leiða til kostnaðarhækkana fyrir aðra notendur þjónustunnar.

### *Bæir norðan Reykhóla*

Með beiðni fyrirtækisins fylgdi neðangreint kort sem sýnir landpóstaleiðina.

**Mynd 1. Akstursleið landpósts, rauð lína.**



Samtals er um að ræða 113 km sem eknir eru dagleg vegna dreifingar á þessari leið.

## **II Málsmeðferð**

1

Með bréfum, dags. 1. október 2007, var þeim 8 bæjum sem umsókn Íslandspósts hf. tekur til gefin kostur á að koma að athugasemdum við erindið. En um er að ræða bæina Skálanes, Múla (Kollafirði), Brekku, Gufudal, Djúpadal, Kinnastaði, Fremri Gufudal og Hofstaði. Athugasemdir bárust í tölvupósti, dags. 14. Október. Undir athugasemdirnar skrifa “Íbúar Reykhólahrepps vestan Bjarkalundar” Auk þess skilaði Reykhólahreppur inn umsögn um erindi Íslandspósts. Verður nú gerð grein fyrir þessum athugasemdum eftir því sem ástæða er til:

Í athugasemdum íbúa er m.a. vikið að því að fólksfækkun hafi ekki orðið á svæðinu, íbúar eigi ekki kost á háhraða nettengingu, sjónvarpsskilyrði séu slæm og GSM samband nánast ekkert, benda íbúar á að þjónusta póstsins sé þeirra lífæð.

Í bókun sveitarstjórnar sem gerð er þann 11. október kemur eftirfarandi fram.

*“Sveitarstjórn mótmælir harðlega allri fyrirhugaðri skerðingu á pósthjónustu í sveitarfélaginu vestan Bjarkarlundar og krefst þess að áfram verði borinn út póstur þar fimm daga vikunnar eins og verið hefur. Sveitarstjóra falið að koma mótmælum og athugasemdum sveitarstjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunnar.”*

Þá gerði sveitarstjórn eftirfarandi athugasemdir við röksemdir Íslandspósts fyrir fækkun dreifingardaga:

#### *Kostnaðarsöm dreifileið*

Sveitarfélagið bendir á að ekki ætti að koma neinum á óvart að dýrara sé að dreifa pósti í stór og fámenn sveitarfélög, íbúar landsins hljóta að gera kröfur um sambærilega þjónustu. Ekki sé síður verið að þjónusta sendanda en viðtakanda póstsins og frekar ætti að hækka póstburðargjöld en draga úr þjónustu. Ísland ætti að vera eitt póstsvæði því pósthjónusta sé fyrir alla hvar sem þeir búa á landinu. Góð pósthjónusta sé grunnþjónusta alls þjóðfélagsins.

#### *Fáir íbúar og fólksfjölgun*

Rétt sé að íbúum Reykhólahrepps hafi fækkað frá 1997-2006. Í fyrsta skipi í mörg ár séu hins vegar líkur á fjölgun. Þann 1. des 2006 voru íbúar 251, en 1. janúar 2007 voru þeir orðnir 255 og samkvæmt bráðabirgðatölum voru íbúar um mitt ár 2007 um 260.

#### *Fækkun bréfa og aukin rafræn þjónusta*

Í erindi Íslandspósts komi fram að almennum bréfasendingum fækki vegna aukinnar rafrænnar þjónustu (tölvupóstur, alnetið og betri samgöngur). Hafa beri hins vegar í huga að það svæði sem um ræðir hafi ekki aðgang að internetinu með góðu móti og sumir bæir komist ekki í netsamband á næstunni. Þá getur sveitarstjórn þess að á þessu svæði búi eldri íbúar og barnafjölskyldur sem þurfa meira og minna á þjónustu lyfjaverslana að halda og stóla á að fá lyf sín með póstinum og geti þá dagar skipt máli.

#### *Umhverfisvernd, færri eknir kílómetrar*

Þá telur sveitarstjórn að ef Íslandspóstur vilji leggja sitt af mörkum til umhverfisverndar og telji að það náist árangur með því að fækka dreifingardögum úr fimm í þrjá í dreifðari byggðum landsins, þá væri hugsanlega hægt að ná mun meiri árangri með fækkun dreifingardaga á Stór – Reykjavíkursvæðinu.

#### *Krafa um hagkvæmni*

Einnig bendir sveitarfélagið á í umsögn sinni að *“Markmið laga um pósthjónustu er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu....”* og vísar í því sambandi til úrskurðar úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 11/2006.

Ennfremur kemur eftirfarandi fram:

*“Að okkar mati ætti Ísland að vera eitt pósthjónustusvæði og þjónustan sem líkust um allt land. Það verða alltaf til hagkvæm og óhagkvæm svæði, en ef pósthjónustan stendur undir sér í heild sinni, þá er markmiðum náð nema litið sé á Íslandspóst hf. sem almennt fyrirtæki sem setji sér það markmið að hagnast sem mest. Við lítum þannig á að Íslandspóstur hf. sé almenningsþjónustufyrirtæki og hagnaður eigi ekki að vera markmiðið, heldur það að þjónustan standi undir sér á landsvísu.”*

*Bæir norðan Reykhóla.*

Varðandi þá bæi þar sem til stendur að skerða þjónustuna tekur sveitarfélagið jafnframt fram að Hofstaðir séu aftur komnir í byggð eftir nokkurt hlé og í Gufudal hafi nýlega flutt fjölskylda, fjölgun sé á svæðinu frá því sem verið hefur og fækkun íbúa því ekki rök með fækkun dreifingardaga.

2

Með bréfi, dags. 1. nóvember 2007, var Íslandspósti hf. boðið að skila inn athugasemdum um þær umsagnir sem borist höfðu.

Umsögn Íslandspósts hf. barst með bréfi, dags 13. nóvember 2007. Í umsögninni bendir fyrirtækið á að kostnaður við landpóstakerfið sé mjög hár og hafi vaxið á undanförunum árum. Fyrir nokkrum árum hafi verið tekin sú ákvörðun að bjóða íbúum í sveitum landsins upp á fimm daga þjónustu í stað þriggja áður. Með lögum um pósthjónustu nr. 19/2002 hafi verið lögfest að alþjónustuaðili (Íslandspóstur hf.) skuli veita fimm daga þjónustu allsstaðar á landinu nema þar sem kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

Rúmu ári eftir að lögin tóku gildi hafi verið gefin út reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu, þar sem settar voru nánari skilgreiningar um framkvæmd laganna. Á þeim tímapunkti hafði Íslandspóstur þegar sett fjölmennustu sveitirnar í fimm daga þjónustu og tímasett áætlun verið lögð fram um aðrar sveitir. Í reglugerðinni hafi verið boðið upp á undanþáguleið frá fimm daga þjónustu og nánar útlistað hvað teldist vera “kringumstæður og landfræðilegar aðstæður” Íslandspóstur hafi að mjög litlu leyti nýtt sér þessi undanþáguákvæði.

Breyting úr þriggja daga þjónustu yfir í fimm daga þjónustu hafi verið metnaðarfull og jafnframt kostnaðarsöm. Sá kostnaðarauki sem fallið hafi á Íslandspóst hafi orðið hærrí en reiknað hafi verið með. Telur Íslandspóstur að í dag sé hægt að halda því fram að þessi ákvörðun hafi verið tekin á hæpnum forsendum þar sem fyrirséð hafi verið að almennum bréfaþósti myndi fækka á næstu árum sem og íbúum í sveitum. Þetta þýði einfaldlega að færri bréf komi til póstlagningar sem þýði minni tekjur. Flest bréf sem berist séu reikningar og yfirlit sem send séu tímanlega af fyrirtækjum. Einnig bjóði bankar og þjónustuaðilar upp á beingreiðslur. Vegna þessa hafi fyrirtækið ákveðið að óska eftir að fá leyfi til að fækka dreifingardögum á svæðum sem eru fámenn og kostnaðarsöm.

4

Sem svar við öðrum mótrökum gegn því að þjónustan verði færð niður í þriggja daga þjónustu, þá tiltók fyrirtækið eftirfarandi: Varðandi lélegt fjarskiptasamband á þessu tiltekna svæði, bendir Íslandspóstur á fjarskiptasjóð og að fyrirtækið geti enga ábyrgð borið á því. Þá bendir Íslandspóstur á að ekki sé hægt að nota fyrirtækið sem neyðarþjónustu fyrir lyf og ef pantað sé tímanlega muni pakkanum einungis seinka um einn dag. Um ábendingar Reykhólahrepps um að fara í þriggja daga þjónustu í Reykjavík þá sé það ekki raunhæft vegna mikils fólksfjölda og það magn af bréfum sem þarf að bera út.

Að lokum bendir fyrirtækið á að fjöldi dreifingardaga hafi engin áhrif á fjölda bréfa, þ.a.l. sé hreinlega ekki skynsamlegt að dreifa pósti fimm daga vikunnar í svo fámenna sveit. Einungis sé hægt að réttlæta fimm daga þjónustu í sveitum þar sem þéttleiki sé mikill og viðkomustaðir margir.

### III Niðurstaða

#### 1

#### *Lög um pósthjónustu nr. 19/2002*

Ákvæði um skyldu til að bera út póst til landsmanna alla virka daga kom fyrst í íslenska löggjöf við gildistöku núgildandi laga um pósthjónustu nr. 19/2002. Fyrir þann tíma var það í raun rekstrarleg ákvörðun hjá Íslandspósti hve oft pósti var dreift í dreifbýli<sup>1</sup>. Við val á fjölda dreifingardaga var stuðst við sjónarmið eins og magn sendinga, þéttleika byggðar, hvort heimili eru afskekkt og kostnað við dreifingu.

Lög um pósthjónustu eiga uppruna sinn m.a. að rekja til tilskipunar 97/67/EB,<sup>2</sup> sem tekin hefur verið inn í EES samninginn, sjá nánar kafla III 2.

Samkvæmt 21. gr. laganna, skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

Þá hefur samgönguráðherra sett reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003, þar sem nánar er kveðið á um réttindi og skyldur neytenda og Íslandspósts sem og hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar. Í 10. gr. er fjallað um útburð á póstsendingum ásamt því að hugtökin kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hafa verið skýrð nánar, en ákvæðið hljóðar svo:

*„Rekstrarleyfishafi, sem fengið hefur leyfi til að starfrækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu og á hafa verið lagðar kvæðir samkvæmt rekstrarleyfi um að veita alþjónustu á landinu eða á ákveðnu svæði, skal bera út póst alla virka daga til heimila og fyrirtækja á landinu öllu eða á viðkomandi svæði eftir því sem við á.*

<sup>1</sup> Í þéttbýli hefur verið 5 daga dreifing í mörg ár.

<sup>2</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði pósthjónustu og umbætur á þeirri þjónustu.

*Telji rekstrarleyfishafi að kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður valdi því að útburður pósts alla virka daga sé verulegum erfiðleikum bundinn á tilteknum stöðum er honum heimilt að senda Póst- og fjarskiptastofnun rökstudda umsókn um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. Við mat sitt á umsókninni skal Póst- og fjarskiptastofnun taka tillit til annars vegar mikilvægi pósthjónustu fyrir þá aðila sem í hlut eiga og hins vegar erfiðleika og kostnað við útburð, svo sem vegna fjarlægðar eða lélegs vegasambands. Ekki er skylda til að bera út póst í sumarhús eða á svæðum sem teljast til hálendis.“*

Meginreglan samkvæmt ofangreindum réttarheimildum er sú að skylda Íslandspósts nær til þess að bera út póst til allra heimila og fyrirtækja alls staðar á landinu. Á sama hátt er það réttur móttakanda að fá bornar út til sín póstsendingar á hverjum degi. Þessi meginregla er hins vegar ekki án undantekninga. Þannig er skýrt kveðið á um að hægt sé að takmarka þennan rétt móttakanda og að Póst- og fjarskiptastofnun geti veitt rekstrarleyfishafa undanþágu frá skyldu til að bera út póst alla virka daga á tilteknum stöðum.

## 2

### *Ákvæði tilskipunar 97/67/EB um pósthjónustu*

Löggjöf á sviði pósthjónustu hér á landi á rót að rekja til EES- samningsins og þeirrar skyldu íslenska ríkisins að innleiða inn í íslenska löggjöf þær tilskipanir sem teknar eru inn í samninginn. Á sviði pósthjónustu er í gildi tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði pósthjónustu og umbætur á þeirri þjónustu. Þessari tilskipun hefur verið breytt með tilskipun 2002/39/EB frá 10. júní 2002. Báðar þessar tilskipanir hafa verið innleiddar í íslenskan rétt.

Í 12. tl. inngangsorða segir eftirfarandi:

*„Markmiðið með altækri (alþjónusta insk. PFS) þjónustu er að veita öllum notendum greiðan aðgang að póstdreifkerfinu, einkum með því að veita aðgang að nægilega mörgum afgreiðslustöðvum og með því að tryggja viðunandi skilyrði að því er varðar tíðni uppsöfnunar og afhendingar. Altæk þjónusta verður að uppfylla þá grundvallarþörf að tryggja samfellda starfsemi en jafnframt þarf að vera unnt að laga hana að þörfum neytenda og tryggja þeim sanngjarna meðferð án mismununar.“*

Í 3. tl. 3. gr.<sup>3</sup> tilskipunarinnar er fjallað um skyldur alþjónustuveitanda þegar kemur að útburði póstsendinga innan alþjónustu. Þar segir:

---

<sup>3</sup>They shall take steps to ensure that the universal service provider(s) guarantee(s) every working day and not less than five days a week, save in circumstances or geographical conditions deemed exceptional by the national regulatory authorities, as a minimum:

- one clearance,

- one delivery to the home or premises of every natural or legal person or, by way of derogation, under conditions at the discretion of the national regulatory authority, one delivery to appropriate installations.

*“Þau skulu gera ráðstafanir til að sjá til þess að veitendur altækrar þjónustu tryggi að á hverjum virkum degi og eigi sjaldnar en fimm daga í viku, nema við kringumstæður eða landfræðileg skilyrði sem innlend stjórnsýsluyfirvöld telja sérstök, fari fram að minnsta kosti:*

*—ein uppsöfnun,*

*— ein afhending til heimilis eða athafnasvæðis allra einstaklinga og lögpersóna eða, í undantekningartilvikum, við skilyrði sem innlenda stjórnsýsluyfirvaldið ákveður, ein afhending til hentugs staðar.”*

Meginreglan hér, eins og í lögum um pósthjónustu, er að alþjónustuveitandi skal bera út póstsendingar innan alþjónustu á hverjum virkum degi. Eftirlitsstjórnvöld geta síðan veitt alþjónustuveitanda undanþágu frá þeirri skyldu að bera út póstsendingar fimm sinnum í viku, ef kringumstæður eða landfræðileg skilyrði sem eftirlitsstjórnvaldið telur sérstök koma í veg fyrir það.

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er nauðsynlegt að höfð sé hliðsjón af ofangreindu ákvæði tilskipunarinnar, enda viðurkennt lögskýringarsjónarmið að túlka beri landslög í samræmi við þjóðarétt.

### 3

#### *Markmið laga um pósthjónustu*

Í lögum um pósthjónustu nr. 19/2002, er markmiði laganna lýst svo í 2. gr.

*„Markmið laga um pósthjónustu er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um allt land og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu.“*

Í ákvörðun úrskurðanefndar fjarskipta- og póstmála í máli nr. 11/2006, frá 12. júní 2006, segir nefndin eftirfarandi um 1. gr. laga um pósthjónustu þar sem markmiði laganna er lýst:

*„Markmið laga um pósthjónustu er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu. Reglur um alþjónustu sem rekstrarleyfishöfum á sviði pósthjónustu ber að veita öllum landsmönnum miða að því að allir sem búi við sambærilegar aðstæður njóti sömu þjónustu. Íslenskir landshættir gera það að verkum að erfiðara er að þjónusta suma hópa en aðra og gert er ráð fyrir því að landfræðilegar aðstæður geti haft áhrif á þá þjónustu sem rekstrarleyfishöfum er skylt að veita.“*

Í ákvörðun nefndarinnar er því þannig slegið föstu að í sumum tilvikum geti landfræðilegar aðstæður haft áhrif á þá þjónustu sem rekstrarleyfishöfum er skylt að veita.

### 4

#### *Gjaldskrár Íslandspósts og kostnaður við þjónustu*

Á Íslandi sem og almennt í Evrópu er sú meginregla í gildi að gjaldskrár innanlands fyrir bréfasendingar, hvort sem er innan einkaréttar eða utan einkaréttar, er sú sama. Þetta þýðir að fundinn er heildarkostnaður, í þessu tilviki Íslandspósts, á rekstri kerfisins, s.s.

móttöku- (*d. rekstur pósthúsa*), flokkun-, flutningi- (*d. milli landshluta*) og dreifingu pósts (*d. með bréfbera eða landpósti*) Að fengnum þessum kostnaði er reiknað út hvað gjaldskrá þarf að vera há til að hún geti staðið undir þessum kostnaði og fundinn út meðaltalskostnaður, sbr. 4. og 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu.<sup>4</sup>

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti er kostnaður vegna dreifingar póstsendinga á öll heimili í sveitum landsins um 50.000 kr. á ári. Dreifingarkostnaður á þeirri leið sem hér sé um að ræða sé hins vegar um 200.000 á ári á hvert heimili. Kostnaður við dreifingu í þéttbýli er síðan enn minni. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar færi það gegn hagsmunum flestra landsmanna ef litið yrði svo á að ekki ætti að vera hægt að taka mið af þeim kostnaði sem til fellur við dreifingu á einstökum stöðum á landinu.<sup>5</sup> Önnur niðurstaða gæti í sumum tilvikum einungis leitt til óhóflegs kostnaðar fyrir fyrirtækið að því er varðar dreifingu póstsendinga til einstakra aðila eða aðra þá þjónustu sem fyrirtækinu er skylt að veita undir merkjum alþjónustu. Afleiðingin yrði sú að þjónusta Íslandspósts yrði almennt dýrari og gæti í vaxandi mæli leitt til hækkunar á gjaldskrá.

## 5

### *Sjónarmið íbúa*

Póst- og fjarskiptastofnun ber samkvæmt 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um alþjónustu við mat á umsókn rekstrarleyfishafa um fækkun dreifingardaga einnig að taka mið af mikilvægi pósthjónustu fyrir þá aðila sem fækkun dreifingardaga myndi ná til. Hvorki lög um pósthjónustu né reglugerðin afmarka hins vegar nánar hvaða sjónarmið Póst- og fjarskiptastofnun skal leggja til grundvallar þegar hagsmunir íbúa eru metnir við ákvörðunartöku um fækkun dreifingardaga.

Í þeim athugasemdum sem bárust frá íbúum sem og hreppsnefnd Reykhólahrepps er m.a. lögð áhersla á að íbúar hafi ekki háhraðatengingar, sjónvarpsskilyrði séu slæm auk þess sem GSM samband sé lélegt. Með lögum nr. 78/2005 voru sett inn ákvæði í lög um fjarskipti nr. 81/2003, þar sem kveðið er á um stofnun fjarskiptaráðs sem og gerð fjarskiptaáætlunar. Í nágildandi fjarskiptaáætlun var mörkuð sú stefna að þar sem fjarskiptafyrirtæki myndu ekki byggja upp fjarskiptanet á grundvelli viðskiptasjónarmiða, s.s. háhraðatengingar (ADSL-þjónusta) eða GSM þjónustu, myndi ríkið koma á móts við fyrirtækin og styrkja uppbyggingu þjónustunnar á svæðinu í gegnum fjarskiptasjóð. Vegna þeirra athugasemda sem snúa að fjarskiptum almennt er rétt að rekja stöðu þessa verkefnis.

#### *5.1. Sjónvarpsskilyrði*

Meðal markmiða fjarskiptaáætlunar 2005 til 2010 er að sjónvarps- og útvarpsdagskrá RÚV verði dreift með stafrænum hætti um gervihnött til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlla svæða landsins. Þann 1. febrúar 2007 var skrifað undir samning við Telenor um að annast verkefnið. Þann 3. apríl 2007 hóf Ríkisútvarpið síðan stafræna dreifingu á dagskrá sjónvarps og útvarps í gegnum gervihnött til sjómanna á miðum við landið og til

<sup>4</sup> Sjá nánar ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 27/2007.

<sup>5</sup> Í fjarskiptum hafa verið sett ákveðin viðmiðunarmörk varðandi kostnað á hverja tengingu, sjá nánar ákvörðun nr. 25/2007, einkum kafla 3.




strjálbýlla svæða landsins. Samkvæmt þessu verður ekki annað séð en að íbúar hafi alla möguleika til þess að verða sér út um viðunandi sjónvarps- og útvarpssendingar.

### 5.2. GSM þjónusta

Samkvæmt fjarskiptaáætlun er markmiðið, að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum. Í fyrsta áfanga var samið við Símann og var skrifað undir samning þess efnis þann 12. janúar 2007. Í frétt á heimasíðu fjarskiptasjóðs þann 16. nóvember 2007 kemur fram að settur hafi verið upp nýr sendir í Flatey og að sendirinn nái yfir allt svæðið milli Gilsfjarðar í austri og Kleifarheiðar í vestri. Í sömu frétt kemur einnig fram að ráðist verði í úrbætur á svæðunum sem upp á vantar í síðari áfanga GSM verkefnisins. Þann 19. desember 2007 var gengið til samninga við Vodafone varðandi síðari áfanga uppbyggingu GSM þjónustu.

**Mynd 2. GSM dekkun stofnvega á Barðaströnd.**



### 5.3. Háhraðatengingar

Í lögum um fjarskipti er kveðið á um að allir landsmenn skuli eiga kost á ákveðinni lágmarksþjónustu svokallaðri alþjónustu<sup>6</sup> sem skilgreind er á eftirfarandi hátt í lögnum „Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.“ Innan alþjónustu er t.d. talsímaþjónusta og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki aðrar upplýsingar tiltækar en þessi lágmarksþjónusta sé í boði fyrir íbúa þess svæðis, sem beiðni Íslandspósts um fækkun á ferðum nær til og hægt sé að fá tengingu við internetið. Þessu til viðbótar geta íbúar sinnt t.d. bankaþjónustu og annarri hliðstæðri þjónustu í gegnum þjónustunúmer bankanna.

<sup>6</sup> Sjá nánar ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2007.

Eitt af markmiðum fjarskiptaáætlunar er að allir landsmenn eigi kost á háhraðatengingu. Samkvæmt upplýsingum frá fjarskiptasjóði er stefnt að því að þjónustan verði boðin út á fyrri hluta þessa árs.

Af ofangreindri upptalningu má sjá að fjarskiptaþjónusta er í samræmi við þær lágmarkskvaðir sem núgildandi lög um fjarskipti skilgreina. Þá hefur GSM samband verið bætt sem og aukið við möguleika íbúa til að ná betri sjónvarps- og útvarpssendingum frá því sem verið hafði. Einnig er fyrirhugað útboð um uppbyggingu þjónustu með háhraðatengingum. Ekki verður því talið að skortur á þróaðri fjarskiptaþjónustu leiði til þess að Íslandspóstur verði ekki gefin heimild til að nýta sér þær undanþágur, sem leiddar verða af 21. gr. laga um pósthjónustu, sbr. 10. gr. reglugerðar um alþjónustu, frá skyldu til að bera út póstsendingar alla virka daga.

#### *5.4. Aðrar athugasemdir sem fram komu.*

Í þeim athugasemdum sem bárust stofnuninni var þess einnig getið að fjölgun hafi orðið á svæðinu, en í beiðni Íslandspósts var m.a. tiltekið að ein af ástæðunum fyrir því að fyrirtækið taldi nauðsynlegt að fækka tíðni dreifingar var fólksfækkun. Þó að fjöldi heimila og þar með íbúar á tilteknu svæði geti verið veigamikil ákvörðunarástæða fyrir því hve oft dreifing skal eiga sér stað verður ekki séð að það hafi áhrif á niðurstöðu stofnunarinnar í þessu tiltekna máli, enda einungis um að ræða 8 heimili sem póstur er borinn út á þeirri leið sem hér er til umfjöllunar. Í athugasemdum var einnig vikið að því að nauðsynlegt væri að hafa fimm daga þjónusta vegna dreifingar á lyfjum. Dreifikerfi Íslandspósts er ekki skilgreint sem neyðarkerfi. Af því leiðir að ekki er hægt að skylda fyrirtækið til að bera út póst alla daga vikunnar á grundvelli neyðaréttarsjónarmiða. Auk þess sem rétt er að hafa í huga að aðeins hluti af póstsendingum til íbúa á þessu svæði mun verða fyrir seinkun, sem nemur einum degi á afhendingu frá því sem verið hefði ef fimm daga þjónusta væri áfram.

## 6

### *Niðurstaða*

Það er því niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að ákvæði laga um pósthjónustu, einkum 21. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um alþjónustu nr. 364/2003, feli ekki í sér fortakslausa skyldu, á hendur Íslandspósti til að bera út póstsendingar alla virka daga, án tillits til aðstæðna. Þessi niðurstaða sækir einnig stoð í 3.tl. 3. gr. tilskipunar 67/97/EB um pósthjónustu. Einnig verður ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að kostnaður við dreifingu á hvert heimili er hér langtum meiri en almennt gerist í dreifbýli. Auk þess hefur úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, með ákvörðun nr. 11/2006, slegið því föstu að íslenskir landshættir geri það að verkum að erfðara er að þjónusta suma hópa en aðra. Ef þessi sjónarmið eru metin heildstætt þá vega þau þyngra en hagsmunir viðkomandi íbúa á að fá póstsendingar til sín alla virka daga. Einnig ef tekið er tillit til þess að einungis hluta þeirra póstsendinga sem íbúar fá til sín munu seinka um sem nemur einum degi frá því sem verið hefur, ákveði Íslandspóstur að nýta sér þessa heimild Póst- og fjarskiptastofnunar.

Með vísun til ofangreindra röksemda fellst Póst- og fjarskiptastofnun á beiðni Íslandspóstis hf., dags. 28. september 2007, um fækkun dreifingardaga á landpóstaleið sem farin er út frá Króksfjarðarnesi.

#### Ákvörðunarorð

Íslandspósti hf. er veitt heimild til að fækka dreifingardögum úr fimm í þrjá á landpóstaleið sem ekin er út frá Króksfjarðarnesi. Heimildin nær til eftirtalinna bæja Skálanes, Múla (Kollafirði), Brekku, Gufudals, Djúpadals, Kinnastaða, Fremri Gufudals og Hofstaða. Ákvörðun þessi tekur einnig til búsetu á öðrum stöðum sem kann að vera stofnað til á viðkomandi leið.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

*Reykjavík, 27. febrúar 2008.*

---

Björn Geirsson f.h. forstjóra

---

Friðrik Pétursson